

Sif Travel ehf
Esjubraut 9
300Akranes

Garðabær, 23. júlí 2025
202506-0099/H.Á.
10.02.01

Efni: Leyfi til notkunar dróna á friðlýstum svæðum

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Sif Travel ehf., dagsett 19. Júní 2025, um leyfi til að nota dróna í skipulögðum ferðum á vegum fyrirtækisins við Háafoss og Granna, Skógafoss, Fjaðrárgljúfur, á svæðum innan friðlands að Fjallabaki (gígur NNV af Hnausapolli, Svartikrókur, Hnausapollur, Ljótípollur, Frostastaðavatn, Kýlingar, svæði við Tungnaá við Stakahnúk, svæði suður af Laugahrauni, sjá betur á korti sem fylgir umsókn), Ófærufoss (Eldgjá), Langisjó, Lakagígar, Svínafellsjökul, Fjallsárlón, Jökulsárlón, Snæfellsjökulspjóðgarði og Múlagljúfur.

Fjaðrárgljúfur er friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 555/2024](#). Óheimilt er að raska gróðri og hrófla við jarðminjum á friðlýsta svæðinu.

Friðland að Fjallabaki er friðlýst sbr. [auglýsing nr. 354/1979](#). Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum. Óheimilt er að fljúga fjarstýrðum loftförum (dróna) innan friðlandsins á tímabilinu 15. júní – 15. september nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar skv. 10. gr. stjórnunar- og verndaráætlunar friðlandsins sbr. [auglýsing nr. 422/2021](#).

Hjálparfoss, Gjáin og Háifoss og Granni eru friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 110/2020](#). Óheimilt er að spilla gróðri, öðrum en framandi tegundum, eða trufla dýralíf af ásetningi innan verndarsvæðisins. Notkun fjarstýrðra loftfara er óheimil í náttúruvættunum nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 477/1987](#). Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Samkvæmt 3. gr. stjórnunar og verndaráætlun náttúruvættisins, sbr. [auglýsing nr. 450/2019](#) er flug ómannaðra loftfara óheimilt innan náttúruvættisins nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Vatnajökulspjóðgarður er friðlýstur sbr. [lög nr. 60/2007](#). Samkvæmt 38. gr. [reglugerðar nr. 300/2020](#) um Vatnajökulspjóðgarð skal afla leyfis þjóðgarðsvarðar til notkunar fjarstýrðra loftfara innan þjóðgarðsins. Þjóðgarðurinn hefur gefið út leiðbeiningar um notkun fjarstýrðra loftfara innan hans hvar er heimilt og hvar er óheimilt að nota slík tæki. Upplýsingar um

takmarkanir á notkun þeirra eru að finna á [heimasíðu þjóðgarðsins](#). Ekki eru veittar undanþágur frá banni við notkun flygilda í afþreyingarsyni á þeim svæðum sem þeir eru ekki heimilir.

Á þeim svæðum innan þjóðgarðsins sem sótt er um leyfi fyrir gildir eftirfarandi:

- Svínafellsjökull – notkun flygilda heimil.
- Fjallsárlón (austari hluti innan þjóðgarðs)

Flokkur II: Svæði þar sem notkun flygilda (dróna) er háð munnlegu leyfi landvarða

Á nokkrum svæðum innan Vatnajökulsþjóðgarðs geta landverðir veitt munnlegt leyfi fyrir notkun flygilda (dróna). Forsendur leyfis byggja á mati á ástandi lífríkis og/eða tilteknum tíma dags þegar umferð ferðafólks er minni en annars (fyrir kl. 10:00 og eftir kl. 16:00). Landvörður skráir leyfisveitinguna á þar til gert eyðublað. Þetta á við á eftirtöldum svæðum sem sótt er um:

- Eldgjá (Ófærufoss)
- Lakagígar

Flokkur IV: Jökulsárlón og Fellsfjara - Takmarkanir og heimildir

Ekki er heimilt að fljúga flygildi (dróna) á tímabilinu 15. apríl til 15. júlí vegna fuglaverndar. Á öðrum árstímum gilda reglur um tíma dags, sem eru misjafnar eftir árstíma og sólargangi. Á eftirfarandi tímum dags er heimilt nota flygildi á svæðinu ([sjá kort hér](#)):

- 15. júlí til 21. september – fyrir kl. 09:00 eða eftir kl. 18:00.
- 22. september til 21. október – fyrir kl. 10:00 eða eftir kl. 17:00.
- 22. október til 21. nóvember – fyrir kl. 11:00 eða eftir kl. 15:00.
- 22. nóvember til 21. janúar – fyrir kl. 12:00 eða eftir kl. 14:00.
- 22. janúar til 21. febrúar – fyrir kl. 11:00 eða eftir kl. 15:00.
- 22. febrúar til 21. mars – fyrir kl. 10:00 eða eftir kl. 17:00.
- 22. mars til 15. apríl – fyrir kl. 09:00 eða eftir kl. 18:00.

Nokkur þyrluumferð er við Jökulsárlón. Fjarstýrð loftför skulu ávallt víkja fyrir annarri flugumferð, sbr. reglugerð nr. 990/2017.

Á svæðinu sem myndin [hér](#) sýnir (rauðskyggt) er almennt mikil umferð gesta. Notkun flygilda (dróna) á því svæði er því ávallt óheimilt samkvæmt reglugerð nr. 990/2017.

Flokkur V: Dettifoss vestan ár - Takmarkanir og heimildir

Notkun flygilda (dróna) við Dettifoss vestan ár er heimilt á vissum tímum dags, en annars staðar í Jökulsárgljúfrum er notkun flygilda í afþreyingarsyni óheimil. Notkun flygilda er heimil á eftirfarandi tímum dags:

- 1. mars til 30. apríl – fyrir kl. 10:00 eða eftir kl. 16:00.

1. maí til 31. ágúst – fyrir kl. 8:00 eða eftir kl. 18:00.

1. september til 31. október – fyrir kl. 10:00 eða eftir kl. 16:00

1. nóvember til 29. febrúar – engar takmarkanir á tíma dags en almenn skilyrði gilda.

Innan þjóðgarðsmarka má einungis fljúga yfir gljúfrinu sjálfu. Vegna fuglaverndar er óheimilt að fljúga norðar en að nyrsta útsýnispallinum vestan við Dettifoss ([rauðskyggt svæði á korti byrjar](#)).

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðlýstur sbr. [auglýsing nr. 935/2021](#). Notkun fjarstýrðra loftfara er óheimil á búsvæðum fugla á varptíma innan þjóðgarðsins nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Óheimilt er að raska gróðri eða trufla dýralíf í þjóðgarðinum. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins.

Múlagljúfur er ekki friðlýst og því er notkun dróna þar ekki háð leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sif Travel ehf. sækir um leyfi fyrir farþega sína sem munu ferðast í skipulögðum ljósmyndaferðum til að nota dróna á ofangreindum svæðum. Fjöldi farþega í hverjum hópi er aldrei fleiri en 10 manns. Með umsókn fylgja kort af þeim svæðum sem sótt er um að fljúga drónunum á og hvar innan svæðanna sótt er um leyfi fyrir. Um er að ræða eftirtalin svæði:

Friðland að Fjallabaki: gígur NNV af Hnausapólí, Svartikrókur, Hnausapollur, Ljótípollur, Frostastaðavatn, Kýlingar, svæði við Tungnaá við Stakahnúk og svæði suður af Laugahrauni. Ófærufoss (Eldgjá), Langisjór og Lakagígur,

Háifoss og Granni, Skógafoss, Fjaðrárgljúfur, Svínafellsjökull, Múlagljúfur, Fjallsárlón, Jökulsárlón.

Snæfellsjökulspjóðgarður (Svörtuloft, Lóndrangar, Arnarstapi).

Sótt er um eftirfarandi tímabil og svæði:

- 6. -12. ágúst – hálendið- suðurland, 9 farþegar
- 25. ágúst – 1. sept. Hálendið - suðurland, 6 farþegar
- 11.-17. október. Snæfellsnes og suðurland, 10 farþegar
- 16.-23. nóvember. Snæfellsnes og suðurland, 10 farþegar

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnunin telur að verkefnið muni ekki hafa neikvæð áhrif á náttúru og verndargildi svæðanna á þeim tíma sem óskað er eftir. Drónaflug gæti haft neikvæð áhrif á upplifun annarra gesta á svæðunum en áhrifin geta minnkað ef skilyrðum leyfisins er fylgt.

Niðurstaða:

Náttúruverndarstofnun veitir Sif Travel ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir notkun dróna í skipulögðum hópferðum á Fjallabaki, við Háfoss og Granna, Skógafoss, Svörtuloft, Lóndranga og Arnarstapa sbr. dagsetningar og lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum. Um notkun flygilda í Vatnajökulsþjóðgarði fer skv. útgefnum ákvæðum sem gefnar eru út á heimasíðu þjóðgarðsins:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir farþegum þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en notkun flygilda á sér stað á svæðunu8m..
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðunum og þegar fyrirhugað er að vera á hverjum stað fyrir sig með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningum eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal þær umgengnisreglur sem gilda um svæðin.
- Ef upp koma álitamál um leyfi þetta skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Náttúruverndarstofnunar hafi fengist fyrir drónafluginu/kvikmyndatökunni innan friðlýstu svæðanna.
- Stjórnandi dróna skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins, upplifun gesta og öryggi þeirra. Taka skal á loft og lenda flygildum í öruggri fjarlægð frá gestum svæðanna sbr. reglugerð um ómönnuð loftför [nr. 1360/2024](#).
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum þ.m.t. fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skulu flug fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralíf skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólki, dýralíf eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- Haga skal flugi loftfara skv. reglugerð um ómönnuð loftför [nr. 1360/2024](#).
- **Vegna lífríkisverndar er óheimilt að fljúga inn í gilið við Skógafoss.**
- Óheimilt er að fljúga nær fuglabjörgum en 50 metra ef fugl er í bjarginu.

- Ef fálkar eða ernir eru á flugi á svæðinu er óheimilt að setja drónann á loft.

Eldgjá

- Vinsamlegast talið við landverði á staðnum eða við vaðið yfir Ströngukvísl áður en flygildi eru sett á loft.

Laki/Lakagígar

- Vinsamlegast hafið samband við landvörð á bílastæðinu við Laka áður en flygildi eru sett á loft.

Náttúruverndarstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir rekstraraðilar dróna verða að skrá þá hjá Samgöngustofu á vefsíðunni flydrone.is.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200.** sbr. 7. gr. b. gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

Virðingarfyllst

Hanna Valdís Jóhannsdóttir
aðstoðarþjóðgarðsvörður

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir
teymisstjóri